

Allt starf æskulýðsnefndar Neista byggist á sjálfboðaliðastarfi nefndarmanna. Það er því nokkuð ljóst ef starf á að vera mikið og öflugt þá er það jafnframt mikið álag á það fólk sem er í æskulýðsnefndinni.

Því er nauðsynlegt að hestamannafélög miðli sýn á milli og séu ekki eilíft að finna upp hjólið, með því móti verðum við öflugri og fólk brennur ekki út á örskömmum tíma.



Í æskulýðsnefnd Neista fyrir árið 2009 eru :

Sonja Suska.

Sigurlaug Markúsdóttir.

Vigdís Edda Guðbrandsdóttir.

Janúar 2009.

Fyrsti fundur Æskulýðsnefndarinnar vegna reiðþjálfunar þennan veturinn var 21.janúar, mæting var svo góð að salurinn okkar á efri hæð reiðhallarinnar var of lítill,(þröngt máttu sáttir sitja). Um 50 börn voru skráð á námskeið vetrarins sem má teljast mjög gott miðað við íbúafjölda.

Æskulýðsnefndin var með kynningu á starfinu sem framundan var á árinu, mjög spennandi starf, mörg mót og sýningar. Dreift var bæklingnum öryggi í hestamennsku. Reiðkennarar í vetur voru Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir og Sandra Marín þær mættu á fundinn til að sýna sig og heilsa uppá knapa framtíðarinnar. Helga Thoroddsen kennari, verkefnisstjóri og höfundur knapamerkjanna við Hólaskóla mætti og hélt fyrirlestur um tilgang og markmið knapamerkjanna en boði hjá okkur í vetur eru knapamerki 1, 2 og 3. Eftir kynninguna hjá Helgu, kaffi og kex var margt spurt og svarað. Reiðþjálfun var einnig í boði fyrir yngri börnin og var þeim skipt í þrjá hópa /byrjendur / lítið vana / vana.

Kennslunni var þannig háttað að Sigurbjörg kenndi knapamerki 3 og var það 2-3 sinnum í viku 2 tíma í senn bæði bók- og verklegt, einnig kenndi hún öllum yngri hópunum en þeir voru 1 sinni í viku 1 klst. í senn. Sigurbjörg byrjað með kennslu í knapamerki 3 í byrjun janúar því tímarnir þar eru svo miklu fleiri en í knapamerki 1 og 2 og því ekki seinna vænna en að byrja.

Sandra Marín byrjaði kennslu 28.jan og kenndi knapamerki 1 og 2 og var hvor hópur 2 tíma í senn, 1 sinni í viku, annan bóklegt og hinn verklegt.

Þess má geta að nemendur Grunnskólans á Blönduósi fá knapamerkið metið inn í valgreinar hjá sér, og er það mjög hvetjandi fyrir aðra skóla.




Mars 2009.

Stórsýningin var haldin 28.mars en fyrir hana var mikill undirbúningur hjá krökkunum sem fólst meðal annars í því að ákveða hvað ætti að sýna, búningahönnun, tónlist ofl. niðurstaðan var sú að byrjendur sýndu Stumpa atriði sem fólst í því að kakkarnir sýndu jafnvægisæfingar á hestbaki við lag strumpanna Margarena og foreldrar teymdu undir þeim. Lítið vanir og vanir knapar sameinuðust í Kardimommubæinn sem vakti mikla lukku. Knapamerki 1 hét Rappararnir og sýndu einfalda mynsturreið. Knapamerki 2 hét Villtur dans og sýndi hraða og flókna mynsturreið sem var flottasta atriði sýningarinnar að öðrum atriðum ólöstuðum en þar voru hestarnir klæddir í skyrtur og bindi. Knapamerki 3 sýndi sambland af kennslu úr knapamerki 3 og mynstri, fléttuðu þetta saman í mynstur sem tókst mjög vel og sómuðu þau sig vel í félagsbúningum Neista. Foreldrar hittust nokkur kvöld og saumuðu búninga sem gafst vel fyrir.

Eitt atriði á sýningunni hét 6-60 en þar var yngsti knapinn 6 ára og elsti 60 ára. Tilgangurinn með þessu var að sýna að þetta er fjölskylduþrótt og sýndi að þau yngri eru enn að nema hjá foreldri, þegar komið var að unglingunum var spurning hvor kenndi hverjum og elstu börnin voru komin fram fyrir foreldrana hvað kunnáttu í hestaíþróttinni varðaði.

Mikilvægt er fyrir svona sýningar að börnin séu á hestum sem þau treysta og bæði knapi og hestur kunni atriðin sýn, líkurnar eru þá meiri að atriðin gangi vel. Að baki svona sýningu er mikil vinna við æfingar, skipulagningu, búningasaum ofl. mikilvægt er að börnin fái að vera með frá upphafi því það þjappar krökkunum saman og eikur sjálfstraust þeirra og þau sjá líka að baki hverri sýningu liggur mikil vinna. Í þeim 21 atriði sem voru á dagskránni voru um 50 börn og unglingar í 9 atriðum og skemmtilegt var að sjá hvað þeim tókst á stuttum tíma að setja saman góð atriði.

Æskulýðsnefndin veitti Hörpu Birgisdóttur viðurkenningu á þessari hátíð fyrir góðan árangur og framfarir á árinu 2008 sem knapi ársins í unglingaflokki.




Apríl

Sú nýbreytni var sett á í vetur að hafa Grunnskólamót Norðurlands vestra í hestaíþróttum. Þetta er alveg nýtt á nálinni en þessi hugmynd kviknaði hjá Smára Haraldssyni á Sauðárkróki sem í samstarfi við Geir Eyjólfsson unglingaráðsfulltrúa Léttfeta sem skipulögðu keppnina en hún var haldin í samstarfi við hestamannafélögin Léttfeta, Stíganda, Svaða, Neista og Pyt, allir skólar á norðvestursvæðinu taka þátt en keppt var í þremur aldursflokkum, 1.-3. bekkur / 4.-7. bekkur / 8.-10. bekkur, var látið reyna á krakkana og þau söfnuðu stigum fyrir skólann sinn, haldin vor 3 mót og farið með þau milli staða fyrsta mótið var á Sauðárkrók, annað mótið á Blönduósi á vegum Pyts þar sem höllin þeirra var ekki tilbúin, þriðja mótið var á vegum Neista á Blönduósi og var endahátíðin þar einnig og er stefnt að því að þetta flytjist svona á milli næstu árin, þess má geta að stigahæsti skólinn fékk veglegan farandbikar.



Á þessu grunnskólamóti var keppt í smala og sum krakkanna vissu nú ekki hvað það var, nú voru góð ráð dýr hjá okkur í æskulýðsnefndinni stutt í fyrsta mót og ekkert til, til þess að gera smalabraut okkur fannst að börnin þyrftu að geta æft sig eitthvað áður en að þessu kæmi. Eins og gengur og gerist í litlum bæjarfélögum þá er ekki hlaupið út í búð og hlutirnir keyptir, það þarf að panta flest með fyrirvara svo það sé komið á réttum tíma. Foreldrar fóru í það að skera neðan af 2 lítra gosflöskum redda sementi til að steypa og rafmagnsrörum í uppistöður en ekki var til nóg af þeim svo pantað var meira og þurftum við að fresta áður auglýstu æfingakvöldi því steypan harnaði ekki jafnhratt og hugur foreldranna vildi að hún gerði, allt hafðist þetta þó að lokum og börnin fengu æfingu, þetta var alveg nýtt fyrir þeim og var gaman að sjá hvað þau fóru varlega fyrstu umferðirnar, svo kom upp keppnin í þeim og tekin var tímataka og allt var gefið í þetta. Sigurbjörg reiðkennari kom og var þeim til halds og traust og kenndi þeim að beita hrossunum þar sem þau létu ekki alveg vel hjá öllum. Í svona þrautabraut reynir mikið á færni knapa til að stjórna hestinum og gaman að sjá hversu vel það gekk. Pabbarnir fengu svo að prófa aðeins og mátti varla sjá mun á hverjir skemmtu sér betur þeir eða krakkarnir.



Apríl


Okkur ar boðið í heimsókn til Pyts á Hvammstanga þar sem þau buðu okkur að vera með á æskulýðssýningunni sem var general prufa fyrir æskuna og hestinn sem átti að vera á Akureyri 02.mái. Reyndist okkur erfitt að fá krakka í þetta þar sem sýningin var á miðvikudagskvöldi kl:21:00 og margir voru að fara í burtu í páskafrí ofl. en það þýddi lítið annað en að finna börn sem heima voru og þiggja boðið og voru sett saman tvö atriði til að fara með vestur. Kalt var í veðri og vindur, þetta tókst með ágætum þó krakkarnir hefðu viljað skila þessu betur þá hafa þau líka gott af því að muna að hesturinn skiptir líkamáli og formið hans dag frá degi er mjög líkt okkur, það eru ekki allir dagar góðir dagar. Í lok sýningar voru allir leystir út með páskaeggjum.



Maí


Æskan og hesturinn á Akureyri.

Krakkarnir úr Neista, ásamt foreldrum og fjölskyldum lögðu land undir fót, ýmist á föstudegi en þeir sem höfðu tök á gistu í Félagsheimili Funa á Melgerðismelum og svo hinir sem fóru á laugardagsmorgni til Akureyrar á sýninguna Æskan og hesturinn, mæting var hjá reiðhöllinni í Arnargerði eldsnemma á laugardagsmorgni en kl:07:30 var búið að ferma hestaflutningabílinn og lagt af stað norður, farið var með 35 hross norður. Mættu þau til æfinga í Reiðhöllinni uppúr kl:10 um morguninn en fyrri sýningin byrjaði kl:13:00 og sú seinni kl:16:00.




Sýning var stórskemmtileg í alla staði og heppnaðist mjög vel. Mikið var af flottum atriðum og glæsilegum búningum, mikið lagt uppúr öllu og gaman að sjá svona mörg ungmenni saman komin, með fáka sína og reiðtygi svo hrein og snyrtileg.

Sýningin hjá krökkunum okkar tókst frábærlega vel og stóðu þau sig með stakri þrýði og sýndu fallega reiðmennsku megum við öll vera stolt og glöð með svona flotta krakka en þau sýndu atriðin sem þau höfðu sýnt á stórsýningunni fyrr um veturinn hér heima með smá stílfæringum því takmarkað var hvað hvert hestamannafélag mátti koma með mörg atriði, var þetta mjög erfitt fyrir okkur þar sem krakkarnir eru margir.



Heilmikil vinna liggur að baki í skipulagningu, æfingum, saumaskap, flutningi á hrossum en er sú vinna öll unnin í sjálfböðastarfi foreldra sem styðja einstaklega vel við bakið á börnum sínum.

Léttir og félögin í Skagafirði hafa gert með sér samkomulag að halda þessa sýningu til skiptis í Skagafirði og á Akureyri, 180-190 börn tóku þátt í þessari sýningu frá 10 hestamannafélögum.



Júní

Hátíðarhöld Blönduósbæjar eru í okkar höndum en gerður hefur verið 3ja ára samningur við Neista, börnin taka mikinn þátt í undirbúningi og aðstoð við hátíðahöldin þau sjá meðal annars um aðstoð við að binda fyrir gasblöðrurnar, andlitsmálun, sælgætissölu, fánaberar í skrúðgöngu, leggja á borð í félagsheimilinu fyrir kaffisölu, skráningu í útsýnisflug, leiki með yngri krökkunum, skemmtiatríði á sviðinu svo fátt eitt sé nefnt.



Þjóðhátíðardagurinn byrjar kl:08:00 að morgni með því að fánar eru dregnir að hún á ljósastaurunum við Húnabrautina sem er aðalgata bæjarins og þar sem skrúðgangan byrjar og endar.

Þegar við tókum við hátíðarhöldunum þá færðum við þau inn í bæinn en skrúðgangan hófst áður við sjúkrahúsið og síðan var gengið eftir þjóðveginum sem okkur fannst ekki mjög tryggt, núna byrjar skrúðgangan við sölufélagið þar sem við höfum aðstöðu til blöðru- og sælgætissölu svo ekki sé nú talað um hina vinsælu andlitsmálun sem er alfarið í höndum unglinganna.



Við Sölufélagið höfum við skjól fyrir norðan-garranum en hann getur bitið vel þegar hann blæs.



Gengið er eftir Húnabraudtinni í átt til félagsheimilisins, þar var hátíðardagskráin á útisviði og var flutt: Hugvekja af sr.Ursulu sóknarpresti á Skagatrönd , Hátíðarræða flutt af bæjarstjóranum Arnari P. Sævarssyni, Fjallkonan las ljóð, söngatriði bæði frá Húnavallaskóla og Grunnskólanum á Blönduósi en báðir þessir skólar settu upp í vetur söngleiki fyrir árshátíðirnar hjá sér.



Kaffisala var svo í félagsheimilinu þar sem foreldrar stóðu í ströngu við vöflubakstur, kaffi og kakó gerð.

Um morgunin var börnum boðið á hestbak í reiðhöllinni, milli 60-70 börn komu í ár, við eru stolt af höllinni okkar og viljum bjóða fólki að koma þangað, áður var farið með hestana á hátíðarsvæðið. Bíósýning er í boði fyrir börnin eh. og einnig er útsýnisflug um kvöldið,



Magnús Ólafsson ættaður frá Sveinsstöðum hefur verið svo elskulegur að fljúga og gera það sem ódýrast fyrir okkur, aðsóknin hefur verið svo mikil að Magnús hefur verið á flugi tvö kvöld í 3-4 tíma hvort kvöldið.



Í ár fengum við hljómsveit vaskra sveina úr sveitinni sem bera það fallega nafn Svörtu Sauðirnar til að vera með fjölskyldutónleika um kvöldið í félagsheimilinu sem var mjög vinsælt og þar voru foreldrar með eftirlitið.



Uppskeruhátíð var hjá yngri krökkunum var haldin 30.júní í Reiðhöllinni Arnargerði.



Allir krakkarnir fengu skrautritað viðurkenningarskjal, Henson peysu merкта Hestamannafélaginu Neista, var þetta hvoru tveggja afhent í N1 sundpoka.

Allir fengu sér Pylsur og drykki síðan var farið leiki og allir enduðu vetrarstarfið saddir og sælir.



Júlí

Uppskerhátíð knapamerkjanna var 05.júlí í Reiðhöllinni Arnagerði.

Drógst svolítið að hægt væri að byrja þessa útskrift þar sem hluti af unglingunum var á leiðinni heim af fjórðungsmóti af Kaldármelum en það gerði nú lítið til því árangur þeirra var góður og var þeim fagnað með kossum og klappi þegar þau komu í hús.



Sandra og Sigurbjörg reiðkennarar vetrins sáu um afhendingu prófskirteina fyrir knapamerkin einnig fengu krakkarnir barmnælu með merki knapamerkis 1,2 eða 3 eftir því hvaða stig þau voru að ljúka, Henson peysu merкта Hestamannafélaginu Neista, og var þetta einnig afhent í N1 sundpoka. Síðan var boðið uppá hamborgara og franskar eins hver gat í sig látið.



Júlí

Neista var boðið að vera með fánareid á Húnavöku sem er bæjarhátíð Blönduós-búa.

Fannst okkur eðlilegast að hafa æskuna þar fremsta í flokki þar sem æskulýðsstarfið hjá okkur var búið að vera mjög svo öflugt í vetur og sjálfsagt að sem flestir fengju að sjá hvað við ættum duglega og vel ríðandi krakka.

Bæjarstjórinn fór með okkur og setti hann hátíðina en í fánareidinni voru um 30 börn og unglingar. Það var mikil hátíðarstemming sem ríkti í hópnum og við komuna á torgið við félagsheimilið, fólk flykktist að með börnin sem fengu að setjast á hestbak og láta taka mynda af sér. Ríðinn var einn hringur um bæinn og síðan til baka. (En ekki var allt búið því að sjálfsögðu þrífum við skítinn eftir okkur og þá var farið um bæinn með hjólbörur, skólfu og kúst).



Fjórðungsmót, Fákaflug, Unglingalandsmót ofl.

Fulltrúar okkar á Fjórðungsmótinu á Kaldármelum stóðu sig vel.

Hátíðlegt var að sjá þegar krakkarnir komu inná völinn í félagsbúningunum til verðlauna afhendingar ég held að hvert félag sem þar átti ungling að störfum hafi fyllst stolti allavega gerðum við það.

Unglingalandsmótið fór fram í blíðskapar veðri á Sauðárkrók um verslunarmannahelgina og geta staðarhaldarar verið stoltir með hvað allt sem þetta mót varðar, skipulaggingu, tímasetningar, snyrilegt umhverfi og svo lengi mætti telja. Okkar krökkum gekk ágætlega á mótinu enda er það, að vera með sem skiptir máli og æfingin skapar meistarann.

Svo voru mót hjá okkur og nágrannafélögum sem krakkarnir tóku þátt í og voru dugleg að sækja.

Segja má að við í Neista eru stolt af krökkunum okkar því þar er dýrmætur fjársjóður á ferð og ætlum við að hlúa að þeim sem mögulega við mest getum.

Bestu kveðjur
Æskulýðsnefnd Neista
árið 2009